

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2021
Tilv.: 2104006

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.), 704. mál.

1. Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis þann 15. apríl 2021 þar sem eftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.) 704. mál. Samkeppniseftirlitið veitti einnig umsögn um drög að frumvarpinu í tengslum við kynningu þess á samráðsgátt Stjórnarráðsins.¹
2. Eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpinu styður Samkeppniseftirlitið þá breytingu, sem í 3. gr. frumvarpsins felst, að yfirráðahugtak laganna verði skilgreint nánar og fært til samræmis við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þessi breyting til verulegra bóta, enda felast mikilvægir hagsmunir í því að samræmi sé í framkvæmd stjórnvalda að þessu leyti.
3. Rétt er að vekja athygli á því að fyrirliggjandi frumvarp er að því leyti frábrugðið frumvarpsdrögunum sem kynnt voru á samráðsgáttinni, að stjórnunar- og fjölskyldutengsl hafa fallið brott úr upptalningu á áhrifaþáttum við mat á yfirráðum, sbr. 3. og 4. tölul. 5. mgr. ákvæðisins. Eftir sem áður er yfirráðahugtakið samkvæmt ákvæðinu efnislega samhljóða 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Er þar lykilatriði að atriðin eru talin upp í dæmaskyni („...svo sem með....“). Þá er það skilningur Samkeppniseftirlitsins að tilvísanir í frumvarpinu til túlkunar í samkeppnisrétti á yfirráðahugtakinu feli í sér að Fiskistofa muni hafa hliðsjón af fordæmum úr EES-rétti við túlkun á ákvæðinu. Af þessu er ljóst að stjórnunar- og fjölskyldutengsl hafa þýðingu við mat á yfirráðum.
4. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að önnur ákvæði laganna takmarki ekki möguleika Fiskistofu til að leiða fram niðurstöður um raunveruleg yfirráð í sjávarútvegi.
5. Í 15. gr. frumvarpsins (breytingar á 14. gr. laganna) er jafnframt gert ráð fyrir því að kveðið verði skýrt á um að Fiskistofa geti óskað eftir upplýsingum og gögnum frá m.a. Samkeppniseftirlitinu við framkvæmd eftirlitsins. Samkeppniseftirlitið telur til bóta að kveða skýrt á um þetta og lýtur svo á að gert sé ráð fyrir gagnkvæmri upplýsingamiðlun að þessu leyti. Þannig telur Samkeppniseftirlitið hafið yfir vafa að 3. mgr. 19. gr. samkeppnislaga leggi sambærilega skyldu á Fiskistofu, en samkvæmt ákvæðinu getur eftirlitið krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra. Er

¹ Umsögn Samkeppniseftirlitsins er aðgengileg hér: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2931&uid=25d38798-3480-eb11-9ba0-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2931&uid=25d38798-3480-eb11-9ba0-005056bcce7e)



gagnkvæm upplýsingamiðlun af þessu tagi til þess fallin að auðvelda eftirlit, auka skilvirkni þess og tryggja vandaðar úrlausnir.

6. Að síðustu vill Samkeppniseftirlitið ítreka fyrri ábendingar um nauðsyn þess að fjárhæðamörk er varða dagsektir og stjórnvaldssektir taki tilliti til efnahags- og fjárhagslegs styrkleika fyrirtækja sem í hlut eiga, svo tryggt sé að viðkomandi sektir hafi viðunandi, fullnustu- og varnaðaráhrif.
7. Að öðru leyti vísar Samkeppniseftirlitið til fyrri umsagnar eftirlitsins, dags. 8. mars 2021, um frumvarpsdrögin sem birt voru á samráðsgátt Stjórnarráðsins.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson